

## FUNDARBOÐ

**234. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar  
verður haldinn í Hjálmakletti, föstudaginn 23. desember 2022 og hefst kl.  
11:00**

### Dagskrá:

#### Almenn mál

**1. 2212068 - Hækkun útsvarsálagningar vegna fjármögnunar á þjónustu við fatlað fólk**

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur fyrir hönd sveitarfélaganna komist að samkomulagi við ríkissjóð um breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk, dags. 16.12. 2022. Í samkomulaginu felst að hámarksútsvar sveitarfélaga, sem er nú 14,52%, skal hækkað um 0,22% samhliða lækkun á tekjuskatts um samsvarandi hlutfall í báðum skattþrepum og munu heildarálögur á skattgreiðendur því ekki hækka. Gert er ráð fyrir að hækkun hámarksútsvars renni í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og þaðan til sveitarfélaga til fjármögnunar á málaflokki fatlaðs fólks. Hér er því lagt til að útsvarshlutfall Borgarbyggðar árið 2023 verði 14,74% eða 0,22 prósentustigum hærra en áður hafði verið samþykkt. Er þetta gert til að tryggja að sveitarfélagið komi skaðlaust frá því að þetta sama hlutfall verði tekið af heildarútsvarsálagningu sveitarfélagsins og látið renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Tillaga er að sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykki að álagningarprósenta útsvars á árinu 2023 verði 14,74% af tekjum.

**2. 2212026 - Breytingar í barnaverndarþjónustu sveitarfélaga**

Afgreiðsla frá 617. fundi byggðarráðs: "Byggðarráð samþykkir framlögð samningsdrög um umdæmisráð barnaverndar hjá sveitarfélögum á landsbyggðinni og felur sveitarstjóra að samþykkja og greiða atkvæði um samninginn í samræmi við umræður á fundinum, með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar."

**3. 2208021 - Breyting á samþykktum Borgarbyggðar 2022**

Afgreiðsla 233. fundar sveitarstjórnar Borgarbyggðar: "Forseti ber upp þá tillögu að vísa tillögum til breytinga á samþykktum um stjórn Borgarbyggðar til síðari umræðu."

21.12.2022

Stefán Broddi Guðjónsson, sveitarstjóri.